

10. gr.

Arði af sameiginlegri veiði í hverri deild, skal skipt niður á deildarmenn í samræmi við arðskrá skv. 27. gr. laga um lax- og silungsveiði. Sjá einnig 6. gr. samþykktar þessarar.

Deildarmenn greiði gjöld til deildar sinnar í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

11. gr.

Öll veiði er samþykkt þessi nær til, er óheimil á félagssvæðinu, nema með skriflegu leyfi deildarstjórna, sbr. 9. gr. a. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt. Takmörkun veiðiaðferða og veiðitíma umfram ákvæði laga um lax- og silungsveiði, er á hverju deildarsvæði háð samþykki aðalfundar viðkomandi deilda. Forkaupsrétt á allt að 25% veiðileyfa, hafa deildarmenn eftir samþykktum aðalfunda deilda og mega þeir ráðstafa leyfi til annarra.

12. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta nema samkvæmt reglum sem settar eru í VIII. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

13. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum skv. XVI. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

14. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. 52. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi samþykkt fyrir veiðifélag Skjálfafljóts nr. 190/1972.

Landbúnaðarráðuneytinu, 10. maí 2005.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi íbúðarhverfis í Norðurbæ vegna Garðavegar 15 í Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 19. apríl 2005 breytingu á deiliskipulagi íbúðarhverfis í Norðurbæ vegna Garðavegar 15 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að lóðin við Garðaveg 15 stækkar í austurátt. Jafnframt breytist notkun hússins úr einbýlishúsi í tvíbýlishús. Farið var með breytinguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 17. maí 2005.

Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri.